

Efni: Heimild til að hefja verkefnið „Framtíðaruppbygging reykjavik.is og tengdra kynningarvefssvæða“

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja verkefni sem felur í sér tæknilega uppfærslu á þróunarumhverfi reykjavik.is og tengdra kynningarvefja. Markmið verkefnisins er að færa vefinn og tengdar veflausnir yfir í þróunarumhverfi sem styður betur við framtíðarsýn borgarinnar í þróun stafrænnar þjónustu. Með þessari uppfærslu má auka hraða og sveigjanleika í þróun, bæta möguleika til gagnabirtingar og skapa aukið hagræði með betri nýtingu á kóða og sérþekkingu starfsfólks.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 1265 Stafræn Reykjavík og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá apríl 2025 ár til nóvember 2025 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 19,5 m.kr., sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum. Verkefnið mun ekki auka rekstrarkostnað þróunarumhverfis.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,



Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Greinargerð:

Markmið verkefnisins er að færa þróun meginhluta vefja Reykjavíkurborgar yfir í nútímalegt forritunar- og tækniumhverfi þar sem React og TypeScript eru notuð í framtíð, á meðan Drupal heldur áfram að gegna hlutverki sem vefumsjónarkerfi fyrir efni og notendur.

Drupal er opinn hugbúnaður sem hentar vel til ritstýringar og notendaumsjónar. Hins vegar byggir núverandi notendaviðmót á PHP-sniðmátum sem sækja efni úr Drupal-kerfinu. Sú nálgun hentar vel fyrir hefðbundnar vefsíður, en takmarkast þegar kemur að samþættingu við gagnalausnir og aðra hugbúnaðarþróun. Á sama tíma hefur Reykjavíkurborg nú þegar tekið upp React og TypeScript í öðrum stafrænum lausnum. Með því að færa vefinn yfir í sama tækniumhverfi skapast tækifæri til að samræma þróunarvinnu, auka sveigjanleika og bæta upplifun notenda.

Verkefnið felur í sér stigvaxandi umbreytingu á þróunarumhverfinu, sem gerir kleift að dreifa fjárfestingu yfir lengri tíma í stað þess að ráðast í stórt, einangrað uppfærsluverkefni. Með þessari nálgun næst fram hagræðing í þróun með sameiginlegri nýtingu kóða, hýsinga og sérfræðipækkingar starfsfólks, ásamt auknum möguleikum á samstarfi við ytri aðila.

Meginhluti nauðsynlegrar tækni og þekkingar er þegar til staðar innan borgarinnar. Verkefnið mun þó leggja áherslu á að greina og útfæra lykilþætti sem tryggja traustan tæknilegan grunn, skýrt verklag og samfellu í samþættingu lausna. Með því næst heildstætt og framtíðarhæft þróunarumhverfi sem fellur að stefnu og framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í þróun veflausna.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 19,5 m.kr.

Kostnaðarstaður: 1265 Stafræn Reykjavík. Verkefnaklassi 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Verkbeiðnanúmer 264560.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Þröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur